

Grindavíkurbær
Íris Gunnarsdóttir
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 31. janúar 2023
UST202301-146/B.S.
10.05.00

Efni: Sjóvarnir í Grindavík - Framkvæmdaleyfi Vegagerðarinnar. Umsögn

Vísað er til erindis Grindavíkurbæjar dags. 11. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna sjóvarna í Grindavík.

Um er að ræða sjóvarnir sem eru samtals um 995 m að lengd sem ýmist eru nýjar sjóvarnir eða lagfæringar eldri sjóvarna. Grjót verður tekið úr opinni námu í Eldvarpahrauni. Vinna þarf rúmlega 9.000 m³ af grjóti í námunni.

Gerð er krafa um að kaflanum við golfvöll skuli lokið fyrir 1. maí vegna æðarvarps. Oft hefur verið bent á að erfitt getir reynst að koma æðarungum um grjótvarnir niður að sjó. Undirritaður minnst þess að hafa séð í Danmörku rampa í sjóvarnargörðum sem nýst gætu fuglum og öðrum að komast um grjótvörnina niður að sjó. Ramparnir voru hafði nokkuð samsíða grjótgarðinum væntanlega til að hindra að alda komist um garðinni.

Æskilegt væri að skoða hvort unnt sé að greiða för fugla um sjóvörnina ef þess er nokkur kostur.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna sjóvarna við Grindavík.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur